



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



### FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 10.02.2015

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Sóttvarnarlækni og Umhverfisstofnun.

#### Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

#### Fundargerð

- Eldgosið í Holuhrauni heldur áfram. Eins og er eru engir vísindamenn á svæðinu vegna veðurs.
- Mikil jarðskjálftavirkni er enn í Bárðarbungu. Stærsti skjálftinn frá síðasta fundi Vísindamannaráðs á þriðjudag mældist M4,7 í nótt kl. 03:18. Tveir aðrir jarðskjálftar mældust stærri en M4,0 frá síðasta fundi Vísindamannaráðs á föstudag, annar mældist M4,1 á laugardag, 7. febrúar kl. 07:05 og hinn M4,0 kl. 04:00 sama dag. Um tíu skjálftar mældust á milli M3,0-3,9 á tímabilinu. Alls hafa um 60 skjálftar í Bárðarbungu frá því á þriðjudag. Ekki hefur mælst skjálfti yfir M5,0 að stærð frá 8. janúar.
- Í kvikuganginum hafa mælst um þrjátíu skjálftar frá því á föstudag, 6. febrúar. Sá stærsti mældist M2,0 á laugardag, 7. febrúar kl. 20:35.
- GPS mælirinn í öskju Bárðarbungu er því kominn aftur í samband og birtast gögn frá honum á vef Veðurstofunnar.
- GPS mælingar við norðurjaðar Vatnajökuls sýna áframhaldandi hægar færslur í átt að Bárðarbungu. Greinilegar truflanir eru á mælingum vegna sérstakra veðuraðstæðna síðast liðna daga.
- Vinna við nýtt hættumat fyrir gossvæðið stendur nú yfir. Reiknað er með því að henni ljúki í þessari viku.
- Rannsóknarhópur sem fylgjast með mengun í rigningu, snjó og leysingavatni hefur verið starfandi frá því gosið hófst. Hópurinn áætla að safna sýnum á Vatnajökli og nokkrum hæstu tindum á Austurlandi. Einnig er fylgst náið með efnasamsetningu úrkomu á öllu landinu.
- Loftgæði:
  - Í dag (þriðjudag) og á morgun (miðvikudag) er hætt við gasmengun NA og A af Holuhrauni.
  - Tvennskona tveggja daga spár eru gerðar vegna mengunar frá eldgosinu. Annars vegar er um að ræða textaspá með kortum sem gerð eru af veðurfræðingi á vakt, sjá [Gas spá](#). Hins vegar er hægt að skoða sjálfvirk [Gas líkan](#), en þetta er tilraunakeysla sem er í þróun og taka ber með [fyrirvara](#). Veðurstofan og Umhverfisstofnun biður fólk að [Skrá mengun](#), verði það hennar vart og þeim áhrifum sem það verður fyrir.
  - Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni [www.loftgaedi.is](http://www.loftgaedi.is) þar eru einnig aðgengileg gögn frá handmælum sem eru víða um land.
- Leiðbeiningar:



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



- Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Fólk sem finnur fyrir óþægindum er hvatt til þess að hafa samband við sína heilsugæslustöð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is). Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni [www.loftgaedi.is](http://www.loftgaedi.is) Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
- Tilmæli og leiðbeiningar má finna hjá [Umhverfisstofnun](http://Umhverfisstofnun) og [Embætti landlæknis](http://Embætti landlæknis), m.a. töflu um [rétt viðbrögð](http://rett.viðbrögð).
- Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvíldis á vef sínum eins og greint er frá hér að ofan og þær eru einnig lesnar með veðurfregnum í útvarpi. Leitast er við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.
- Umhverfisstofnun hefur dreift handmælum víða um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu mengunarinnar og niðurstöðurnar má sjá bæði á vef hennar og Veðurstofunnar.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið [gos@ust.is](mailto:gos@ust.is) Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur orðið vart við mikla mengun; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingu á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingu á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Gosið hefur staðið í rúmlega fimm mánuði, enn er mikið hraunflæði í Holuhrauni og sighraði öskju Bárðarbungu verulegur. Þrír möguleikar eru taldir líklegastir um framvinduna:
  - Gosið í Holuhrauni heldur áfram þar til öskjusig í Bárðarbungu hættir. Gosið getur varað í marga mánuði enn.
  - Gosvirkni færir til suðurs undir Dyngjujökul og veldur jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum. Ef slíkt gos yrði langvinnt gæti það breyst í hraungos.
  - Gos í öskju Bárðarbungu. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.
- Næsti fundur Vísindamannaráðs verður föstudaginn 13. febrúar, 2015.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) [www.avd.is](http://www.avd.is) Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)